

## **2. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2014, haldinn 23. október 2014 í Flúðaskóla, kl. 12.30. 2. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Eygló Jósephsdóttir, fulltrúi kennara, Ásmundur Lárusson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri og Erla Björg Arnardóttir, fulltrúi foreldra, Ingvar Hjálmarsson mætti ekki.

### **Dagskrá**

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Fjárhagsáætlun 2015. Sjá tillögu að fjárhagsáætlun, og gjaldskrá, útskriftir úr bókhaldi.**
- 3. Innleiðing skólastefnu.**
- 4. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

### **1. Skýrsla skólastjóra.**

- Skólavísir 2014 - 2015 verður eingöngu gefinn út á heimasíðu skólans héðan í frá og hafa foreldrar fengið tilkynningu um það og námsgreinahluti skólanámskrár er aðgengilegur fyrir foreldra og nemendur í Mentor.
- Ákveðið var að prófa að hafa sumarlestur hjá nemendum í 1. - 4. bekk síðastliðið sumar. Foreldrum var falið það verkefni að finna lestrarefni sem hentar getu og áhuga barnsins. Nemendur fengu kvittunarhefti með sér heim sem foreldrar áttu að skrá í það sem börnin lásu upphátt eða í hljóði. Þegar skólinn byrjaði aftur í ágúst skiluðu börnin kvittunarheftinu og þau sem höfðu lesið að minnsta kosti 20 sinnum fengu viðurkenningu. Það er skemmst frá því að segja að þátttaka fór fram úr björtustu vonum og fengu því mjög margir viðurkenningu núna á haustdögum. Það er því alveg öruggt að sumarlestur er kominn til að vera, því mikilvægt er að halda áfram lestrarþjálfun yfir sumartímann til þess að nemendur viðhaldi lestrarfærni sinni.
- Mánudaginn 1. september var efnt til sameiginlegs starfsdags allra starfsmanna í grunn- og leikskólum í Árnesþingi. Námskeiðsdagurinn var haldinn í Þorlákshöfn þar sem rúmlega 300 starfsmenn skólanna komu saman. Dagurinn hófst á því að farið var yfir sameiginleg markmið skóla og skólaþjónustu fram til ársins 2017. Eftir það hlýddu þátttakendur á erindi Ásdísar Olsen um hamingju og velferð í skólastarfi með jákvæðri sálfræði. Fram eftir degi voru í boði

20 málstofur, þar voru flutt erindi um ýmislegt spennandi sem er að gerast í skólum á svæðinu auk annarra skólatengdra verkefna.

- Hópur um heilsueflandi grunnskóla er búinn að setja upp skáp á glergangi og í honum eru upplýsingar um sykurmagn í mismunandi matvörum. Innihaldið hefur vakið mikla athygli og teljum við þetta góða áminningu um að minnka sykurneyslu og hugsa um hvað látið er ofan í sig.
- Mikil ánægja er með Facebook síðu skólans þar sem hún er mjög lifandi miðill og kennarar eru orðnir duglegir að setja inn efni frá sér.
- Árlegt kennarabing var haldið á Hellu 2. og 3. október og var það vel heppnað og fróðlegt. Kennarabinginn er samstarfsverkefni Skólastjórafélags Suðurlands og Kennarafélags Suðurlands. Á þinginu er boðið upp á sameiginlega fyrirlestra og málstofur um margvísleg efni sem snerta grunnskólastarf.
- Nemendur úr 10. bekk fóru til Danmerkur fyrstu vikuna í september ásamt þremur kennurum og fjórum foreldrum. Svona ferðalag er ómetanlegt fyrir krakkana og stór innlögn í reynslubankann. Ekki fékkst styrkur til fararinnar eins og svo oft áður en nemendur og foreldrar söfnuðu fyrir henni, það verður til þess að Danirnir koma ekki í heimsókn til okkar þetta skólaár þar sem þeir þurfa að reiða sig á að fá styrk til fararinnar.
- 10. bekkur Flúðaskóla buðu til myndasýningar um Danmerkurferðina í Félagsheimili Hrunamanna miðvikudaginn 8. október.
- Nemendur í 1. - 4. bekk fóru í haustferð hér um nágrennið og skoðuðu minkabú, fjós, stuðlabergsnámurnar og ýmislegt fleira. Hópurinn var keyrður að Ásgerði og voru síðan sótt í Núpstún þannig að þau fengu góða göngu í leiðinni.
- Allir nemendur skólans tóku þátt í Norræna skólahlaupinu sem haldið var í Flúðaskóla 8. október að undangenginni mengunarmælingu.
- Vikan 13. – 17. október var tileinkuð útikennslu og þá eru allir hvattir til að færa kennsluna meira út undir bert loft en venjulega.
- Þóra Sædís Bragadóttir lét af störfum sem ritari Flúðaskóla þanna 30. september og Dúna Rut Karlsdóttir hefur verið ráðin í hennar stað og hóf hún störf 15. október.
- Jóhanna Lilja Arnardóttir kom aftur til vinnu eftir veikindafrí þann 29. september.
- Stjórnendur Flúðaskóla fóru á námsþing Skólastjórafélags Íslands sem var haldið á Selfossi en þar var verið að ræða um starfsþróun kennara.
- Foreldrafélag Flúðaskóla bauð ásamt foreldrafélagi Bláskógaskóla uppá fræðsluerindi, með Ebbu Guðnýju Guðmundsdóttur, um mataræði og næringu í Bláskógaskóla miðvikudagskvöldið 15. október.

## 2. Fjárhagsáætlun 2015.

Skólastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá Flúðaskóla fyrir árið 2015, þ.e. skólinn, mötuneytið og skólaselið. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði rúmar 220 milljónir með húsaleigu eignasjóðs og reiknuðum afnotum sem er nokkur hækkun frá 2014. Þessi hækkun milli ára skýrist af hækkuðum launakostnaði vegna kjarasamninga.

Gert er ráð fyrir að einingaverð á mat í mötuneyti hækki úr 310 kr. í 330 kr., hressing úr 67 kr. í 69 kr., vistun í skólaseli hækki úr 284 kr./klst. í 292 kr./klst. og síðdegishressing í skólaseli úr 99 kr. í 102 kr.

Meirihluti skólanefndar samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir Flúðaskóla árið 2015. Bjarney Vignisdóttir samþykkir ekki 6,4% hækkun á mat í mötuneyti og leggur til að hækkun á mat í mötuneyti verði einungis 2,8% eins og vísitöluhækkun sl. 12 mánaða.

## 3. Innleiðing skólastefnu.

Skólastjóri kynnti vinnu sem kennarar unnu í haust þar sem skólastefnan var skoðuð m.t.t. hvernig staðan er í Flúðaskóla í dag og hvað má bæta í skólanum skv. henni. Skólastjóri lagði fram vinnuþlagg (sbr. fylgiskjal) sem hægt er að nota til áframhaldandi vinnu.

## 4. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl 13:40.